

ÁRSSKÝRSLA 2020-2021

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 23. febrúar 2021

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

13. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2021

Haldinn í húsnæði Hjálpræðishersins, Suðurlandsbraut 72, Reykjavík, 23. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

1. Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
 2. Skýrsla stjórnar: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður
 3. Reikningar samtakanna: Sigríður Örlygsdóttir, gjaldkeri
 4. Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
 5. Tillögur um breytingar á samþykktum
 6. Kosning stjórnarmanna
 7. Kosning varamanna
 8. Kosning skoðunarmanna
 9. Önnur mál
-

FRÁFARANDI STJÓRN 2020-2021

Aðalstjórn: Ásthildur Lóa Þórsdóttir (formaður), Vilhjálmur Bjarnason (varaformaður), Sigríður Örlygsdóttir (gjaldkeri), Hólmsteinn Brekkan (ritari), Einar Valur Ingimundarson, Hafþór Ólafsson, Róbert Þ. Bender.

Varastjórn: Þórarinn Einarsson, Ragnar Unnarsson, Björn Kristján Arnarson, Stefán Stefánsson.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2021

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2021 verði óbreytt, 4.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2021

Skýrsla stjórnar tólfta starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 26. febrúar 2020 til 23. febrúar 2021, fyrir 13. aðalfund samtakanna, 23. febrúar 2020.

Ágætu félagsmenn.

Árið 2020 er liðið og í byrjun nýs árs eru Íslendingar í miðri efnahagskreppu vegna heimsfarsóttar sem enginn sá fyrir. Árið 2020 var metið fordæmalaust í umræðunni á sama hátt og gjaldþrot bankanna 2008 var einnig fordæmalaus atburður.

Ekki eru nema tólf ár frá gjaldþroti allra íslensku bankanna og enn skemmri tími er frá þeirri kreppu sem fylgdi í kjölfarið. Uppgjör og málefnaleg umræða um endurreisn bankakerfisins og áhrif á íslensk heimili hefur ekki átt sér stað. Það var áttak að koma af stað umræðu um heimilin 15.000 þúsund á opinberum vettvangi. Það tókst með staðfestu og nú eru þau viðurkennd staðreynd og ítrekað nefnd í opinberri umræðu. Ef ekki væri fyrir Hagsmunasamtökin hefði þessum heimilum hreinlega verið sópað undir teppið; á þau væru aldrei minnst í opinberri umræðu. Þau væru grafin og gleymd. Slíkt er skammarlegt virðingarleysið sem raunverulegum fórnarlömbum bankahrunsins hefur verið sýnd.

Það er til marks um þetta skammarlega virðingarleysi að ráðamenn hafa ekki enn hlustað á kröfu samtakanna um **Rannsóknarskýrslu heimilanna**, en hana hefði verið gott að hafa nú þegar ný kreppa er brostin á með ófyrirséðum afleiðingum fyrir heimilin.

Samtökin hafa þó haldið áfram að minna á kröfu sína um Rannsóknarskýrslu heimilanna og var hún meðal annars ítrekuð í nýlegu **opnu bréfi til fjármálaráðherra**. Í því var álit stjórnar á hugmyndum um sölu á hlutafé ríkisins í Íslandsbanka kynnt og fyrirhugaðri sölu mótmælt. Ekki síst í ljósi þess að ofangreint uppgjör hefur ekki átt sér stað. Samtökin gegna því augljóslega enn mikilvægu hlutverki í gagnrýnni umræðu um hagræna stefnumörkun, kjör og réttindi heimilanna á fjármálamarkaði.

Ár í skugga Covid

Það er vægt til orða tekið að segja að síðastliðið ár hafi verið „öðruvísi“ og það hafði að sjálfsögðu áhrif á starfsemi samtakanna.

Árið mótaðist óhjákvæmilega af Covid og varnaraðgerðum fyrir heimilin. Allt í einu stóðum við frammi fyrir öðru hruni og barátta okkar fór að snúast um að koma í veg fyrir að skelfilegar afleiðingar þess fyrir heimilin myndu endurtaka sig.

Okkur varð strax ljóst að það var ekki í boði að „sjá hvað setur og bíða róleg“ eftir aðgerðum stjórnvalda til að verja heimilin, enda værum við enn að bíða þar sem enn hefur ekkert bólað á þeim. Það var því strax 11. mars í fyrra sem við sendum frá okkur áskorun til ríkisstjórnarinnar um viðspyrnu fyrir hagkerfið og heimilin. Þá hafði ríkisstjórnin sent frá sér áætlun um viðspyrnu í efnahagslífinu vegna Covid 19 en ekki minnst einu orði á heimilin, frekar en þau væru ekki til.

Þetta er því miður sama hugarfarið og einkenndi aðgerðir stjórnvalda í kjölfar bankahrunsins 2008, þar sem ekkert var gefið eftir gagnvart heimilunum heldur voru þau látin taka á sig höggið af fullum þunga, með skelfilegum afleiðingum.

Í þessari fyrstu yfirlýsingu samtakanna sagði meðal annars:

- Hagsmunasamtök heimilanna vilja því beina því til Ríkisstjórnar Íslands að endurtaka ekki mistök fyrri ríkisstjórna og muna að aðgerðir hennar eigi fyrst og fremst að snúast um að verja heimilin í landinu. Þá er vert að minna á að Stjórnarskráin er samin fyrir einstaklinga og heimili þeirra en ekki til að verja stjórnkerfið eða fjármálafyrirtækin.
- Hagsmunasamtök heimilanna fara fram á að strax verði sett þak á verðtryggingu lána heimilanna að hámarki 3,5%. Hefði það verið gert í kjölfar bankahrunsins 2008 hefði margt farið á annan veg og þúsundir fjölskyldna ekki misst heimili sín.
- Hagsmunasamtök heimilanna benda á að það sem veldur heimilunum meiri skaða en nokkuð annað er hækkun verðbólgu vegna þess séríslenska og stórhættulega fyrirkomulags sem heitir verðtrygging á lánum heimilanna.
- Fari verðbólgan af stað hefur enginn stjórn á því sem gerist nema gripið sé í taumana strax með fyrirbyggjandi aðgerðum. Aðstæður eins og þær sem núna hafa skapast staðfesta það sem Hagsmunasamtök heimilanna hafa krafist frá seinasta hruni að afnema beri með öllu verðtryggingu lána heimilanna án tafar, því hún veldur bæði þeim og hagkerfinu öllu stórfelldum skaða.
- Vonandi kemur ekki til þess, en fari allt á versta veg þá verður Ríkisstjórn Íslands einnig að grípa til “frestheimilda” á greiðslum húsnæðislána á sama eða svipaðan hátt og Ríkisstjórn Ítalíu er að gera.
- Hagsmunasamtök heimilanna bjóða Ríkisstjórn Íslands aðstoð sína og óska hér með formlega eftir aðkomu að þeim leiðum og lausnum fyrir heimilin í landinu sem sannarlega þarf að fara í á þessum sérstöku tímum sem nú ganga yfir, því sameinuð getur íslensk þjóð sigrast á öllum vanda.

Allt það sem við sögðum í þessari fyrstu áskorun okkar vegna Covid til ríkisstjórnarinnar hefur verið kjarninn í baráttu okkar síðan þá:

- **Ríkisstjórnin verður að verja heimilin og taka pólitíska ákvörðun um að ENGINN skuli missa heimili sitt vegna áhrifa Covid 19.**

Síðan þá og til loka síðasta árs höfum við sent frá okkur fjölda fréttatilkynninga, umsagna og greina til að vekja athygli á stöðu heimilanna og þörf þeirra fyrir vernd í fordæmalausu ástandi.

Það er skemmst frá því að segja að viðbrögð ráðamanna hafa verið skammarlega lítil. Enn á greinilega að höggva í sömu knérunn og fórna heimilunum. Eftir bankahrunið 2008 var það gert með beinum aðgerðum og brotum á lögvörðum réttindum heimila, en núna virðist eiga að endurtaka leikinn með aðgerðarleysi. Það er einfaldlega EKKERT gert til að verja heimilin og nú er sá tími að koma að þær aðgerðir sem þó var farið í, frystingar bankanna, hlutabótaleið og tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru að renna sitt skeið á enda. Hvað tekur þá við er ekki enn þá ljóst.

Vonandi verður ástandið ekki jafn slæmt og við óttumst, en það er ljóst að mörg heimili munu lenda í erfiðleikum verði ekkert að gert.

Þrátt fyrir allt er ljóst að ýtni Hagsmunasamtakanna breytti umræðunni og hafði áhrif á hana. Áður en við létum í okkur heyra var hvergi minnst á heimilin, en eftir það sáu ráðamenn að minnsta kosti sóma sinn í að viðurkenna tilvist þeirra þó lítið sem ekkert hafi verið um aðgerðir þeim til hjálpar. Þeirra aðgerða er enn þá beðið.

Stuðningslán eða -styrkir fyrir heimilin munu þó vonandi líta dagsins ljós áður en of langt um líður en Hagsmunasamtökin styðja þau og eiga sæti í vinnuhópi um útfærslu þeirra. Við lýsum þó jafnframt yfir vonbrigðum yfir þeim tölum sem orðið hafa á framkvæmd þessara aðgerða enda er tíminn til aðgerða naumur áður en skaði er skeður.

Áhrif HH á ákvarðanatöku og lagabreytingar

Samtökin voru í fararbroddi í gagnrýni á frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um nauðungarsölur, til að heimila rafrænar nauðungarsölur. Í stað þess að stöðva nauðungarsölur í efnahagskreppu lagði dómsmálaráðherra fyrir þing tillögu um að gera nauðungarsölu hraðvirkari og auðveldari. Fréttatilkynning samtakanna: **Dómsmálaráðherra vill síma-nauðungarsölur**, vakti mikla athygli bæði innan og utan Alþingis.

Umsögn samtakanna varð meðbyr fyrir kraftmikla og gagnrýna umræða á þingi sem hafði áhrif á alla umfjöllun um frumvarp dómsmálaráðherra. Rafrænum nauðungarsölum var hafnað eftir umræðu í nefnd. Bæði þetta og krafan um Rannsóknarskýrslu heimilanna sýna mikilvægi þess málstaðar sem þessi samtök standa fyrir. Í samfélagi þar sem grunneining hagkerfisins - *heimilið* - er ítrekað vanrækt í opinberri stefnumótun.

Það eru ekki margir sem gera sér grein fyrir því hversu mikið samtökin láta að sér kveða á vettvangi stjórnmalanna. Við höfum átt gott samstarf við þingmenn úr mörgum flokkum sem hafa lagt fram fyrir okkur fjölda fyrirspurna og jafnvel frumvarpa sem samtökin lagt drög að.

Eðli málsins samkvæmt eru samtökin sjaldnast nefnd á nafn þegar þannig stendur á, enda markmiðið ekki að fá sérstaka viðurkenningu fyrir það, heldur að ná fram upplýsingum eða lagabreytingum sem bæta réttindi neytenda á fjármálamarkaði. Á síðasta ári voru lagðar fram fjölmargar fyrirspurnir á Alþingi sem voru samdar að frumkvæði samtakanna eða að höfðu samráði við þau.

Einnig get ég fullyrt að fá ef nokkur samtök eða hagsmunaaðilar séu betur vakandi yfir lagabreytingum og sendi inn fleiri umsagnir við frumvörp en Hagsmunasamtök heimilanna. Sem dæmi sendum við Alþingi og stjórnvöldum 61 umsögn 2019-2020 og 44 á undanfögnu starfsári. Það má lesa ýmislegt úr þessum tölum um afköst samtaka með nánast enga yfirbyggingu, sem eru rekin af sjálfbóðaliðum og með einungis tvo starfsmenn í hlutastarfi.

En það má líka sjá á þessu hversu mikilvæg Hagsmunasamtök heimilanna eru. Á síðustu tveimur þingum hafa meira en 100 sinnum verið gerðar lagabreytingar, eða tilraunir til lagabreytinga, sem snerta hagsmuni neytenda á fjármálamarkaði beint eða óbeint. - **Hundrað sinnum!!!**

Í annál samtakanna hafa verið skráð 218 atriði frá síðasta aðalfundi. Það þýðir að nær alla virka daga ársins gerðu samtökin eitthvað sem ástæða var til að færa í annál. Það er fyrir utan önnur dagleg störf og aðstoð við félagsmenn.

Ég minni á að þetta eru afköst grasrótarsamtaka með samtals eitt starfshlutfall og nokkra öflugra stjórnarmenn í sjálfböðavinnu meðfram fullu starfi.

Það væri gaman að sjá annál ónefnds umboðsmanns á vegum ríkisins sem sagður er þjóna sama hópi og HH. Sá hefur ekki enn birt opinberlega ársskýrslu ársins 2019, en árið 2018 fékk hann 280 milljónir króna til rekstrarins og hafði 18-20 starfsmenn á launaskrá.

HH eru einu varnaraðilar neytenda á fjármálamarkaði

Hagsmunasamtök heimilanna eru EINU aðilarnir á Íslandi sem hafa einhverja heildarsýn yfir réttindi og hagsmuni neytenda á fjármálamarkaði og þeir einu sem verja þau. Það skal enginn velkjast í vafa um að sótt er að réttindum þeirra úr öllum áttum, af fjársterkum og valdamiklum aðilum.

Það er meðal annars á þeim forsendum sem samtökin hafa sóst eftir fjárveitingum úr ríkissjóði. Það er ekkert eðlilegt við það að einu samtökin sem verja réttindi neytenda gegn fjársterkustu aðilum landsins, séu fjársvelt samtök sem treysta á sjálfböðavinnu.

Misræmið á milli aðila er svo mikið að það er engin leið að réttlæta það.

En á ríkið yfirleitt að koma að því að styrkja svona samtök? Það er pólitísk spurning sem er stærri en bara hvort styrkja eigi Hagsmunasamtök heimilanna. Á ríkið yfirleitt að styrkja eitthvað?

Á Íslandi er það þannig að ríkið styrkir ýmislegt og allskonar og á meðan það er svo, er engin spurning að ríkinu ber að styðja myndarlega við baráttu neytenda á fjármálamarkaði og jafna þannig aðeins völlinn á milli neytenda og valdamikill hagsmunavarða fjármálafyrirtækja.

Staðreyndin er sú að ef Hagsmunasamtök heimilanna væru í Bandaríkjunum þá væru þau, miðað við höfðatölu, ein stærstu óhagnaðardrifnu samtök í heimi, með 8,5 milljónir félagsmanna. Ef sama hlutfall þeirra borguðu valfrjáls félagsgjöld og raun ber vitni, hefðu HH milljarða til umráða.

Samtök af þeirri stærðargráðu myndu ekki þurfa ríkisstyrk. Baráttan væri samt í aðalatriðum sú sama og hér heima og þar er eitt þing eins og hér á landi, þó á því sitji fleiri en 63 þingmenn.

Hagsmunasamtök heimilanna eru risastór samtök miðað við hina frægu höfðatölu, en hún hefur ekki mikið að segja þegar kemur að raunverulegum tekjum því þær margfaldast ekki í takti við hina margfrægu höfðatölu.

Þegar svo er einnig litið til þess hverjum við erum að verjast og hvað þeir hafa á milli handanna, er einfalt að réttlæta aðkomu ríkisins að því að styrkja starfsemi Hagsmunasamtakanna.

Neytendur eiga rétt á óháðri fjármálaráðgjöf

Einnig hafa Hagsmunasamtök heimilanna lengi leitað eftir fjárveitingum til að geta boðið neytendum upp á óháða ráðgjöf á fjármáلامarkaði. Það er vægast sagt tímaskekkja og gengur gegn sjónarmiðum neytendaverndar, að einu ráðgjafar neytenda í þeirra stærstu fjárfestingum séu þeir sem sitja hinum megin við borðið, kröfuhafarnir sjálfir.

Án þess að fara nánar á þessum vettvangi út í fáránleikann sem felst í þessu fyrirkomulagi, er ástæða til að fagna því að núna í janúar veittir félagsmálaráðherra samtökunum styrk upp á 10 milljónir. Þetta er hærri styrkur en samtökin hafa nokkurn tímann fengið og hækkar samanlagðan styrk samtakanna í 12 ára sögu þeirra, úr 20 milljónum í 30 milljónir.

Hagsmunasamtökin munu nota þennan styrk til að byggja upp og efla ráðgjöf sína til félagsmanna og er sú vinna nú þegar hafin.

Samtökin þakka félagsmálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, kærlega fyrir og vona að framhald verði á þessu, enda er vægast sagt vitlaust gefið í baráttu samtakanna við allt fjármagnið í landinu; hagsmunasamtök fjármálafyrirtækja (SFF), bankana og „kerfið“ eins og það leggur sig.

Baráttan fer fram á hinu pólitíska sviði

Hagsmunasamtök heimilanna eiga rætur sínar og upphaf í eftirmálum hrunsins og því andrúmslofti tortryggni sem þá ríkti af augljósum ástæðum. Í lögum og samþykktum félagsins má sjá skýr merki þeirrar tortryggni og við sem nú sitjum í stjórn höfum velt fyrir okkur hvort komin sé tími til að endurskoða og kannski aðeins hreinsa þann jarðveg.

Nú er það ekki svo að traust ríki milli HH og stjórnvalda. Því fer fjarri eins og t.d. fjöldi umsagna okkar um lagabreytingar ber vitni um. Það er og verður alltaf hlutverk HH að verja heimilin, grípi stjórnvöld til aðgerða gegn hagsmunum þeirra, og vinna að bættum hag þeirra með öllum hætti.

Skömmu eftir að ég varð formaður HH sagði vinkona mín við mig í samtali „...nú þegar þú ert komin á kaf í pólitík...“ í einhverjum umræðum okkar á milli. Ég firtist við og sagðist ekkert vera komin í pólitík, Hagsmunasamtök heimilanna væru ópólitísk samtök. Hún horfði á mig, og sagði „Ásta mín, þetta er *þjúra* pólitík.“

Þetta var rétt hjá henni. Það leið ekki á löngu áður en ég sá það. Stærsti hluti baráttu HH fer fram á hinu pólitíska sviði, því það er þar sem ákvarðanir sem varða hagsmuni heimilanna eru teknar.

Núna eru 12 ár liðin frá hruni og við erum mörg sem höfum barist í fremstu línu sammála um það að lengra verði ekki komist án þess að fara inn á pólitíska sviðið.

Ég hef því ákveðið, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, að bjóða mig fram í Alþingiskosningunum í haust fyrir Flokk fólksins.

Það eru sem betur fer fleiri en ég í stjórn Hagsmunasamtakanna og það fólk mun að sjálfsögðu gæta þess að Hagsmunasamtökin haldi pólitísku hlutleysi sínu áfram, komi ég til með að sýna einhverja tilburði í aðrar áttir.

Að því sögðu þá eigum við alls ekki að óttast það að Flokkur fólksins, eða nokkur annar flokkur sem stjórnarmenn kunna að vilja starfa fyrir, fái ítök í Hagsmunasamtökum heimilanna.

Trúið mér, í stjórn HH er baráttufólk sem brennur af hugsjón fyrir réttlæti og hagsmunum heimilanna. Ef þetta fólk lætur til sín taka á vettvangi stjórnsmálaflokka með hagsmuni heimilanna að leiðarljósi gæti það haft í för með sér breytingar á stefnu þeirra til hins betra.

Við eigum ekki að hræðast pólitíkina. Við eigum að henda okkur inn í hana og breyta henni. Ég hef heyrt marga segja að þeir gætu ekki hugsað sér að fara í pólitík því hún sé svo óheiðarleg. Ég veit ekki betri leið til að breyta því, en að heiðarlegt hugsjónafólk bjóði sig fram til starfa í stað þess að halda sig til baka og gefa hinum „óheiðarlegu“ eftir völlinn.

Vondir hlutir gerast þegar gott fólk stendur hjá og leyfir þeim að gerast.

Næsta haust verður tækifæri til að breyta Íslandi, bjóðum okkur fram til starfa, og snúum leiknum við. Tökum völlinn af þeim sem hafa spilað með óheiðarlegum hætti, gefum þeim rauða spjaldið og rekum þá út af.

Heimilin hafa beðið nógu lengi. Tíminn fyrir réttlæti er núna!

*fyrir hönd stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna
Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður*

Starfsárið í tölum og megindráttum

Umræðan:

Árið 2020 er liðið og í byrjun nýs árs eru Íslendingar í miðri efnahagskreppu vegna heimsfarsóttar sem enginn sá fyrir. Árið 2020 var metið fordæmalaust í umræðunni en gjaldþrot bankanna 2008 var einnig fordæmalaus atburður. Ekki eru nema tólf ár frá gjaldþroti allra íslensku bankanna og enn styttra liðið frá þeirri kreppu sem fylgdi í kjölfarið. Uppgjör og málefnaleg umræða um endurreisn bankakerfisins og áhrif hennar á íslensk heimili hefur ekki átt sér stað. Það var átak að koma umræðu um heimilin 10.000 að á opinberum vettvangi. Það tókst með staðfestu en krafa samtakanna um **Rannsóknarskýrslu heimilanna** mætir enn daufum eyrum ráðamanna, þegar ný kreppa er brostin á sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heimilin. Samtökin héldu þó áfram að minna á kröfu sína og var hún meðal annars ítrekuð í nýlegu **opnu bréfi til fjármálaráðherra**. Með því var álit stjórnar á hugmyndum um sölu á hlutafé ríkisins í Íslandsbanka kynnt og þeim fyrirætlunum mótmælt. Ekki síst í ljósi þess að ofangreint uppgjör hefur ekki átt sér stað. Samtökin gegna ennþá mikilvægu hlutverki í gagnrýnni umræðu um hagræna stefnumörkun og réttindi heimilanna á fjármálamarkaði.

Í byrjun marsmánaðar á farsóttarárinu tók stjórn samtakanna að beina augum sínum að umræðunni um fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Það þarft ekki að koma neinum félagsmanni Hagsmunasamtaka heimilanna á óvart að þegar ríkisstjórnin brást fyrst við fyrirhuguðum afleiðingum sóttvarna á samfélagið, var ekki talað um heimilin. Kynnt var til sögunnar **viðspyrna fyrir Íslenskt efnahagslíf** en ekki var minnst einu orði á heimilin í landinu. Síðan þá hefur orðræðan verið í þágu fyrirtækjanna og á forsendum þeirra, en þó hefur þrýstingur Hagsmunasamtaka heimilanna og verkalýðshreyfingarinnar haft þau áhrif að umræðan hefur þróast í jafnari átt. Jafnskjótt og viðspyrna ríkisstjórnarinnar hafði verið kynnt sendu samtökin frá sér áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að **Viðspyrnu sé þörf - fyrir hagkerfið og heimilin**. Með áskoruninni lögðu samtökin þunga áherslu á að heimilin séu grunnstoð hagkerfisins og alls efnahagslífs landsins. Áskorunin fékk ágætari viðtökur fjölmiðla og gagnlega umfjöllun. Þetta var upphafsstef frekari aðkomu samtakanna að umræðunni um efnahagsaðgerðir vegna Covid-19, farsóttarinnar. Fleiri áskoranir og tilkynningar voru sendar ríkisstjórninni á árinu, eins og er nánar gerð grein fyrir í annál samtakanna.

Samtökin voru í fararbroddi í gagnrýni á frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um nauðungarsölur sem hefðu m.a. gert rafrænar nauðungarsölur mögulegar í krepputíð. Í stað þess að stöðva nauðungarsölur, lagði dómsmálaráðherra fyrir Alþingi tillögu um að gera nauðungarsölu hraðvirkari og auðveldari. Fréttatilkynning samtakanna undir yfirskriftinni: **Dómsmálaráðherra vill síma-nauðungarsölur** vakti mikla athygli, bæði innan og utan Alþingis. Umsögn samtakanna vakti upp kraftmikla og gagnrýna umræða á Alþingi sem hafði síðan áhrif á alla umræðu um frumvarp dómsmálaráðherra. Rafrænum nauðungarsölum var hafnað eftir umræðu í nefnd.

Þau málefni sem hér hafa verið nefnd að ofan sýna mikilvægi þess málstaðar sem Hagsmunasamtök heimilanna standa fyrir og áhrif samtakanna á opinbera umræðu, í samfélagi þar sem grunneining hagkerfisins - *heimilið* - er ítrekað vanrækt í opinberri stefnumótun.

Formaður stjórnar, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, var iðin við greinaskrif á árinu 2020, eins og árin á undan. ***Greinaskrif Ásthildar vekja athygli og eru mikilvægt innlegg í umræðuna um málefni heimilanna á fjármálamarkaði.*** Hér má nefna sem dæmi nokkrar af greinum Ásthildar Lóu frá síðasta ári:

- *Umboðsmaður skuldara vinnur ekki fyrir skuldara*
- *„Alveg eins og gert var eftir hrun“*
- *Erum við öll í sama báti?*
- *Eiga bankar að haq nast á Covid-19?*
- *Ég vil fá mínar 12 milljónir til baka!*

Fjölmiðlar:

Samtökin sendu frá sér **17 fréttatilkynningar** á liðnu ári og fulltrúar þeirra fóru í fjölmörg viðtöl. Á liðnu ári voru viðtöl við fulltrúa HH og fréttir af samtökunum fjölmörg, en þau komu við sögu með einum og öðrum hætti í fjölmiðlum samtals í a.m.k. **86 tilvikum.**

Fundir:

Hagsmunasamtaka heimilanna funduðu að mestu í gegnum fjarfundabúnað á árinu og það sama gilti um flesta aðra fundi sem fulltrúar samtakanna tóku þátt í.

Snemma á síðastliðnu ári sóttu fulltrúar HH nefndarfund hjá *stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd* um varnir gegn hagsmunaárekstrum og annan fund hjá *efnahags- og viðskiptanefnd* um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Báðir fundirnir voru haldnir á skrifstofum Alþingis áður en sóttvarnir voru settar á. Fulltrúar HH sóttu fjarfund með *efnahags- og viðskiptanefnd* Alþingis um efnahagsaðgerðir vegna heimsfaraldurs og síðar fjarfund *fjárlaganefndar Alþingis* um sama málefni. Þar að auki voru fulltrúar HH kallaðir til á fjarfund með allsherjanefndar Alþingis um frumvarp um rökstuðning málskostnaðar, fjarfund um upplýsingaskyldu ráðherra hjá *stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd* og hjá *velferðarnefnd* vegna umsagnar samtakanna um hlutdeildarlán.

Fulltrúar HH áttu fjarfund með *félagsmálaráðherra* um miðbik ársins um viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum kórónuveiru og síðar á árinu vegna skipunar samráðshóps um málefnið. Af öðrum fundum má nefna *kynningarfund hjá Hagstofu Íslands* um vísitölu neysluverðs og *samráðsfund um stöðu mannréttindamála vegna allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna*. Fulltrúar HH funduðu einnig með Ragnari Þór Ingólfssyni formanni VR og Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni 1. varaforseta ASÍ.

Haldnir hafa verið **13 stjórnarfundir** frá síðasta aðalfundi ásamt því að félagsmönnum var boðið upp á einn rafrænan félagsfund - *samtal við HH* - í maí 2020.

Umsagnir og erindi:

Hagsmunasamtök heimilanna sendu Alþingi og stjórnvöldum **44 umsagnir** um lagafrumvörp og önnur þingmál, reglur og reglugerðir, auk fleiri erinda með ábendingum um ýmis málefni.

Samstarf:

HH sendu félagsmálaráðuneytinu tillögur um aðgerðir fyrir heimilin vegna kórónuveirufaraldurs og sóttu um styrk af safnliðum fjárlaga fyrir átaki í ráðgjöf fyrir félagsmenn og aðra sem leita til samtakanna. Það var gert með sérstakri áherslu á **aðstoð fyrir heimili í greiðsluferfiðleikum vegna Covid-19**. Erindið hlaut jákvæðar undirtektir því ráðherra samþykkti myndarlega styrkveitingu til samtakanna fyrir þessu átaksverkefni á árinu 2021.

Seint á árinu tóku Hagsmunasamtök heimilanna þátt í *samráðsfundi fulltrúa ólíkra hagsmunaaðila* á vegum félagsmálaráðherra um stöðu heimila í Covid-kreppunni. Afrakstur fundarins var skipun starfshóps um efnahagslega stöðu heimilanna sem er ætlað að móta tillögur að úrræðum til að styðja við heimili sem hafa orðið fyrir tekjufalli. **Fulltrúi HH á sæti í starfshópnum.**

Málaferli:

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2020 var að mestu fallist á kvörtun samtakanna fyrir hönd félagsmanns yfir stöðluðum skilmálum um vaxtaendurskoðun í verðtryggðum fasteignalánnum Frjálsa fjárfestingarbankans sem eru nú í eigu Arion banka. Skilmálarnir voru taldir ólögmatir og það sama ætti því við um vaxtahækkun Arion banka á grundvelli þeirra skilmála. Ákvörðuninni var skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála og krafist að auki banns við frekari vaxtahækkunum.

Kvörtun var send Neytendastofu fyrir hönd félagsmanns yfir hækkun Birtu lífeyrissjóðs á vaxtaálagi óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum á forsendum sem á sér ekki stoð í stöðluðum skilmálum slíkra lána. Málið er til skoðunar hjá Neytendastofu og er beðið eftir niðurstöðu.

Samtökin fögnuðu því þegar **Reykjavíkurborg tilkynnti um endurgreiðslu dráttarvaxta** sem voru með ólögmatum hætti reiknaðir á fasteignagjöld umsækjenda um greiðsluaðlögun á meðan þeir voru í greiðsluskjóli. Þetta má rekja til ábendinga samtakanna til sveitarstjórnarráðuneytisins.

Skaðabótamáli samtakanna vegna verðtryggðra húsnæðislána var lokið fyrir íslenskum dómstólum þegar Landsréttur sýknaði ríkið af kröfu um skaðabætur og Hæstiréttur Íslands hafnaði beiðni um áfrýjunarleyfi. Málsmeðferðin hefur verið kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Einnig var máli félagsmanns um tilkall banka til eignarréttar að týndu skuldabréfi lokið fyrir íslenskum dómstólum. Málsmeðferðin hefur verið kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Félagsmenn:

Félagsmönnum voru send **fjögur fréttabréf** á starfsárinu. Lögfræðingur HH sinnti vel á þriðja hundrað skráðum erindum frá félagsmönnum og ráðgjöf ásamt fleiri óskráðum leiðbeiningum.

ANNÁLL STJÓRNAR 2021-2022

25.02.2020 *Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2020*

- 26.02.2020 Fulltrúar HH sækja fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um varnir gegn hagsmunaárekstrum
- 26.02.2020 Fulltrúar HH sækja fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð
- 27.02.2020 Stjórnarfundur HH nr. 7/2020
- 28.02.2020 Niðurstöður aðalfundar 2020 og skipan stjórnar birtar á Neytendatorgi Hagsmunasamtaka heimilanna
- 02.03.2020 Fulltrúar HH sækja kynningarfund um breytingar á húsaleigulögum til að styrkja réttarstöðu leigjenda
- 04.03.2020 Visir.is birtir grein eftir formann HH um embætti umboðsmanns skuldara og starfshætti þess
- 04.03.2020 DV.is fjallar um grein formanns HH á visi.is um embætti umboðsmanns skuldara og starfshætti þess
- 05.03.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti o.fl.
- 06.03.2020 Grein formanns HH um embætti umboðsmanns skuldara er næst mest lesin á visir.is
- 06.03.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingu á húsaleigulögum (réttarstaða leigjenda)
- 07.03.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um varnarlínu milli viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi
- 09.03.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi til laga um fjárhagslegar viðmiðanir
- 09.03.2020 Málflutningur í Landsrétti í máli félagsmanns um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi
- 11.03.2020 HH beina áskorun til ríkisstjórnarinnar - Viðspyrnu er þörf fyrir hagkerfið og heimilin
- 11.03.2020 Viljinn.is birtir fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 11.03.2020 DV.is/Eyjan birtir fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 11.03.2020 RÚV.is fjallar um fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 11.03.2020 Fulltrúar HH sækja fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um málskostnaðarákvarðanir
- 11.03.2020 Mbl.is fjallar um fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 11.03.2020 Skandall.is birtir fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 12.03.2020 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH með áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna viðbragða við niðursveiflu
- 13.03.2020 Landsréttur staðfestir héraðsdóm í máli félagsmanns um eignarrétt banka á týndu veðskuldabréfi

18.03.2020 HH beina áskorun til ríkisstjórnarinnar og alþingismanna - Heimilin eru grunnstoðir samfélagsins!

19.03.2020 HH senda félagsmönnum fréttabréf marsmánaðar - Staða heimilanna á óvissutímum!

19.03.2020 HH birta skilaboð til heimilanna um stöðu þeirra á óvissutímum vegna efnahagslegra áhrifa smitfaraldurs

21.03.2020 Styrmir Gunnarsson skrifar í Morgunblaðið um áskorun HH til ríkisstjórnar vegna viðbragða við niðursveiflu

23.03.2020 Fréttatíminn birtir skilaboð HH til heimilanna um stöðu þeirra á óvissutímum vegna efnahagssamdráttar

24.03.2020 Visir.is birtir grein eftir forystufólk HH - *Hagsmunu fjármálafyrirtækja gætt en heimilin sniðgengin*

24.03.2020 HH senda Alþingi umsögn um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru

24.03.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um aðgerðir vegna heimsfaraldurs

24.03.2020 Formaður HH er gestur þáttarins Rauða borðið á streymisvarpinu Samstöðin, ásamt verkalýðsforkólfum

25.03.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund fjárlaganefndar Alþingis um aðgerðir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru

26.03.2020 HH senda frá sér fréttatilkynningu vegna afstöðu Seðlabankastjóra til þaks á verðtryggingu

26.03.2020 HH senda tilkynningu til Seðlabankans og alþingismanna vegna afstöðu Seðlabankastjóra á óvissutímum

26.03.2020 DV fjallar um afstöðu HH og vonbrigði með aðgerðaleyfi Seðlabankans á óvissutímum

26.03.2020 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis um aðgerðir ríkisstjórnarinnar - viðtal að beiðni hlustenda

27.03.2020 Eyjan fjallar um afstöðu HH og vonbrigði með aðgerðaleyfi Seðlabankans á óvissutímum

30.03.2020 Stjórnarfundur HH nr. 8/2020

31.03.2020 HH senda stjórnendum umræðuþáttar á RÚV spurningar til forsætisráðherra um stöðu heimilanna

01.04.2020 Fulltrúar HH fjarfunda með félagsmálaráðherra um viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum kórónuveiru

03.04.2020 Visir.is birtir opið bréf formanns HH til forsætisráðherra - „*Alveg eins og var gert eftir hrun*”

06.04.2020 Formaður HH í viðtali í Bítíð á Bylgjunni og Stöð 2 um stöðu heimilanna í efnahagssamdrætti

07.04.2020 Sótt um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar Íslands í máli félagsmanns um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi

07.04.2020 HH senda félagsmálaráðuneytinu tillögur um aðgerðir fyrir heimilin vegna kórónaveirufaraldurs

16.04.2020 Formaður HH í viðtali í þættinum Rauða borðinu á streymisvarpinu Samstöðin, ásamt verkalýðsforkólfum

17.04.2020 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Erum við öll í sama báti?*

18.04.2020 Mannlíf vitnar í grein formanns HH - „*Alveg eins og var gert eftir hrun*” - í samantekt úr umfjöllun vikunnar

20.04.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingar á meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum

20.04.2020 HH birta og senda út fréttatilkynningu - *Dómsmálaráðherra vill "síma-nauðungarsölur"*

20.04.2020 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH - *Dómsmálaráðherra vill "síma-nauðungarsölur"*

20.04.2020 Miðjan fjallar um fréttatilkynningu HH - *Dómsmálaráðherra vill "síma-nauðungarsölur"*

20.04.2020 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu um fréttatilkynningu HH - *Dómsmálaráðherra vill "síma-nauðungarsölur"*

20.04.2020 Umsögn HH um frumvarp dómsmálaráðherra um "síma-nauðungarsölur" kveikir heitar umræður á Alþingi

21.04.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund allsherjanefndar Alþingis um frumvarp um símafyrirtökur sýslumanna o.fl.

21.04.2020 Formaður HH í viðtali í þættinum 21 á Hringbraut um stöðu heimilanna í efnahagssamdrætti

23.04.2020 Visir.is fjallar um gagnrýni á frumvarp ráðherra á breytingu á lögum um aðfarir - Vísað í mótmæli HH.

25.04.2020 HH senda bréf frá formanni til félagsmanna: Hjálpið okkur að hjálpa ykkur! (fréttabréf aprílmánaðar)

27.04.2020 Stjórnarfundur HH nr. 9/2020

29.04.2020 Visir.is birtir grein eftir formann og varaformann HH - *Lítt dulin hótun fjármálaráðherra*

30.04.2020 HH birta og senda út fréttatilkynningu - *Hindrar Hagstofan lækkun vísitölu?*

30.04.2020 DV.is/Eyjan fjallar um fréttatilkynningu HH um hugarleikfimi og vísitöluföndur Hagstofunnar

01.05.2020 Midjan.is birtir fréttatilkynningu HH um hugarleikfimi og vísitöluföndur Hagstofunnar

05.05.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund allsherjanefndar Alþingis um frumvarp um rökstuðning málskostnaðar

06.05.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu

06.05.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um aðgerðir gegn peningabætti og raunverulega eigendur

06.05.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um frestun á nauðungarsölum vegna áhrifa heimsfaraldurs

08.05.2020 HH senda erindi til félagsmálaráðuneytisins vegna fjármögnunar á óháðri ráðgjöf á fjármálamarkaði

11.05.2020 Hæstaréttur Íslands hafnar beiðni um áfrýjunarleyfi í máli um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi

12.05.2020 HH senda félagsmönnum tilkynningu um rafrænan félagsfund - Samtal við HH (fréttabréf maímánaðar)

14.05.2020 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Parf endilega að fleygja einhverjum útbyrðis í þetta sinn?*

14.05.2020 HH halda rafrænan félagsfund með fjarfundabúnaði þar sem forysta samtakanna situr fyrir svörum

18.05.2020 Styrmir Gunnarsson skrifar pistil og hvetur til þess að hlustað sé á Hagsmunasamtök heimilanna

19.05.2020 HH birta frétt á Neytendatorgi um grein formanna HH og VR - *Eiga bankar að hagnast á Covid-19?*

19.05.2020 Fréttatíminn birtir frétt af Neytendatorgi HH - *Eiga bankar að hagnast á Covid-19?*

22.05.2020 Fulltrúar HH sækja kynningarfund hjá Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

25.05.2020 Stjórnarfundur HH nr. 10/2020

28.05.2020 HH birta fréttatilkynningu - *Glæpur gegn heimilunum að tengja skuldir þeirra við vísitölu neysluverðs*

28.05.2020 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH um notkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

28.05.2020 Kvennablaðið birtir fréttatilkynningu HH um notkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

29.05.2020 Formaður HH í viðtali í þættinum Rauða borðinu á streymisvarpinu Samstöðin, ásamt fleirum

04.06.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um upplýsingaskyldu ráðherra

10.06.2020 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Heimilin eiga skýlausan rétt á óháðri ráðgjöf á fjármálamarkaði*

10.06.2020 Mbl.is fjallar um fréttatilkynningu HH - *Heimilin eiga skýlausan rétt á óháðri ráðgjöf á fjármálamarkaði*

10.06.2020 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH - *Heimilin eiga skýlausan rétt á óháðri ráðgjöf á fjármálamarkaði*

10.06.2020 Eyjan fjallar um fréttatilkynningu HH - *Heimilin eiga skýlausan rétt á óháðri ráðgjöf á fjármálamarkaði*

16.06.2020 Visir.is birtir grein eftir formann HH - *Nú þarf Steingrímur J. að svara!*

18.06.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um hlutdeildarlán til fyrstu húsnæðisakaupa

18.06.2020 Landsréttur staðfestir héraðsdóm um sýknu íslenska ríkisins í skaðabótamáli vegna verðtryggðra lána

20.06.2020 Fulltrúar HH sækja fjarfund velferðarnefndar Alþingis um hlutdeildarlán til fyrstu húsnæðisakaupa

15.07.2020 Sótt um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar í skaðabótamáli vegna verðtryggðra lána til Hæstaréttar

15.07.2020 HH senda félagsmönnum tilkynningu um sumarlokun skrifstofu (fréttabréf júlímánaðar)

22.07.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi til breytinga á stjórnarskrá

03.08.2020 Eldri grein formanns aftur meðal þeirra mest lesnu á visir.is eftir endurbirtingu á facebook síðu HH

18.08.2020 Hæstiréttur hafnar umsókn um áfrýjunarleyfi í skaðabótamáli vegna verðtryggðra neytendalána

20.08.2020 Formaður HH í viðtali í síðdegisútvarpinu á Útvarpi Sögu um stöðu heimilanna í Covid-kreppunni

23.08.2020 HH senda Alþingi umsögn um drög að breytingatillögum við frumvarp um hlutdeildarlán

24.08.2020 Stjórnarfundur HH nr. 11/2020

29.08.2020 Styrmir Gunnarson fjallar um HH í grein sinni um þjóðarsátt og samstöðu vegna áhrifa Covid-19

31.08.2020 Fulltrúar HH funda með Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, 1. varaforseta ASÍ, ásamt hagfræðingi ASÍ

08.09.2020 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Hræðsluáróður um óverðtryggð lán*

08.09.2020 Mbl.is fjallar um fréttatilkynningu HH um hræðsluáróður um óverðtryggð lán

08.09.2020 Útvarp Saga fjallar um fréttatilkynningu HH um hræðsluáróður um óverðtryggð lán

08.09.2020 Miðjan birtir fréttatilkynningu HH um hræðsluáróður um óverðtryggð lán

09.09.2020 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH um hræðsluáróður um óverðtryggð lán

15.09.2020 HH senda frá sér fréttatilkynningu með ítrekun - *Tryggjum heimilunum skjól undir öruggu þaki*

15.09.2020 HH senda frá sér áskorun til ráðherra ríkisstjórnarinnar - *Tryggjum heimilunum skjól undir öruggu þaki*

15.09.2020 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH - *Tryggjum heimilunum skjól undir öruggu þaki*

15.09.2020 Útvarp Saga fjallar um fréttatilkynningu HH á vef sínum - *Minna ráðherra á loforð um afnám verðtryggingar*

17.09.2020 Visir.is birtir grein eftir formann HH - *Tími til aðgerða er núna!*

21.09.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt varðandi samning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

21.09.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt varðandi allsherjarúttekt SP á stöðu mannréttindamála

21.09.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um lista forgangsmála í EES-samstarfinu fyrir árin 2020-2021

29.09.2020 Fulltrúar HH funda með Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR um mál tengd verðtryggingunni og fleira

05.10.2020 Stjórnarfundur HH nr. 12/2020

06.10.2020 HH senda frá sér yfirlýsingu stjórnar í tilefni dagsins - *Guð blessi heimilin - aftur?*

06.10.2020 Fréttatíminn birtir yfirlýsingu stjórnar HH - *Guð blessi heimilin - aftur?*

07.10.2020 Formaður HH í viðtali í útvarpsþættinum Harmageddon á X-inu í tilefni af yfirlýsingu stjórnar

08.10.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf

08.10.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um breytingu á forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð

11.10.2020 Ólafur Ísleifsson fjallar í aðsendri grein á visir.is um yfirlýsingu stjórnar HH - *Guð blessi heimilin - aftur?*

13.10.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um skattalega hvata vegna starfsemi til almannaheilla

20.10.2020 Fulltrúar HH fjarfunda með félagsmálaráðherra um viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum kórónuveiru

20.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um varnarlínu milli viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi

20.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um svokallað lykklafrumvarp (nauðungarsala og eftirstöðvar)

20.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um rökstuðning við málskostnaðarákvarðanir í einkamálum

20.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)

20.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um afnám stimpilgjalds vegna öflunar íbúðarhúsnæðis

21.10.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við barnasáttmála SP

21.10.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að reglugerð um hlutdeildarlán

21.10.2020 Ólafur Ísleifsson þingmaður mælir fyrir lykklafrumvarpi Hagsmunasamtaka heimilanna á Alþingi

25.10.2020 Visir.is birtir grein eftir Ólaf Ísleifsson þingmann um lykklafrumvarp Hagsmunasamtaka heimilanna

26.10.2020 HH birta frétt um niðurstöðu skaðabótamáls gegn ríkinu - *Þversagnir dómstóla í verðtryggingarmálum*

26.10.2020 Stjórnarfundur HH nr. 13/2020

27.10.2020 Fréttatíminn birtir frétt HH um niðurstöðu skaðabótamáls - *Þversagnir dómstóla í verðtryggingarmálum*

27.10.2020 Fréttatíminn fjallar um grein formanna HH og VR frá 14. maí - *Eiga bankar að hagnast á Covid-19?*

27.10.2020 Formaður og varaformaður HH fjarfunda með formanni VR og félagsmálaráðherra

28.10.2020 Fulltrúar HH taka þátt í samráðsfundi félagsmálaráðherra um stöðu heimila í veirukreppunni

08.11.2020 HH senda Persónuvernd umsögn um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa

10.11.2020 Kjarninn birtir grein eftir Ólaf Ísleifsson þingmann um lykklafrumvarp Hagsmunasamtaka heimilanna

11.11.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um endurskoðun stjórnsýslu neytendamála

16.11.2020 Stjórnarfundur HH nr. 14/2020

17.11.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um skattalega hvata vegna almannaheillasamtaka

18.11.2020 Visir.is birtir grein eftir formann HH - *Arion banki: Ég vil fá mínar 12 milljónir til baka*

18.11.2020 Hringbraut fjallar um grein formanns HH - *Arion banki: Ég vil fá mínar 12 milljónir til baka*

19.11.2020 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Heimilin eiga inni allt að 250% vaxtamun*

19.11.2020 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH - *Heimilin eiga inni allt að 250% vaxtamun*

23.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja

23.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um frestun á nauðungarsölum vegna áhrifa heimsfaraldurs

23.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um gjaldfrjálsa rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs

29.11.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt

30.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

30.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um eignarrétt og erfð lífeyris

30.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla

30.11.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um stjórnarsýslu stjórnarsýslu neytendamála

30.11.2020 Stjórnarfundur HH nr. 15/2020

02.12.2020 Visir.is birtir skrif formanns HH - *Dómstólar í vinnu hjá Arion banka*

02.12.2020 HH senda kvörtun til Neytendastofu yfir hækkun Birtu lífeyrissjóðs á breytilegum óverðtryggðum vöxtum

04.12.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingmannafrumvarp um afnám verðtryggingar

06.12.2020 RÚV fjallar í útvarpsfréttum um umsögn HH um drög að frumvarpi um stafrænt pósthólf

06.12.2020 RÚV.is fjallar í vef sínum um umsögn HH um drög að frumvarpi um stafrænt pósthólf

06.12.2020 Mbl.is fjallar um umsögn HH um drög að frumvarpi um stafrænt pósthólf

07.12.2020 HH birta "Spurt og svarað um uppgreiðslugjöld" á Neytendatorgi í tilefni dóms um lán Íbúðalánasjóðs

07.12.2020 Morgunblaðið fjallar um umsögn HH um frumvarpsdrög um stafrænt pósthólf - *Getur leitt til réttarspjalla*

08.12.2020 Sérfræðingur HH í viðtali í Bítíð á Bylgjunni um fyrirhugað stafrænt pósthólf stjórnvalda og uppgreiðslugjöld

14.12.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við alþjóðamannréttindasamning

16.12.2020 Fulltrúar HH fjarfunda með félagsmálaráðherra um aðgerðir fyrir heimilin vegna Covid-kreppunnar

16.12.2020 Stjórnarfundur HH nr. 16/2020

28.12.2020 Neytendastofa kveður upp ákvörðun nr. 67/2020 í máli félagsmanns um vaxtaendurskoðun Arion banka

01.01.2021 HH senda forsætisráðuneytinu tilkynningu um hagsmunaverði samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020

05.01.2021 Neytendastofa birtir ákvörðun nr. 67/2020 í máli félagsmanns um vaxtaendurskoðun Arion banka

05.01.2021 Viðskiptablaðið fjallar um ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2020 um vaxtaendurskoðun Arion banka

06.01.2021 HH birta fréttatilkynningu á vef samtakanna - *Vaxtahækkun Arion banka var óheimil*

07.01.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla - *Vaxtahækkun Arion banka var óheimil*

07.01.2021 Fréttablaðið fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu HH um óheimila vaxtahækkun Arion banka

07.01.2021 Fréttatíminn fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu HH um óheimila vaxtahækkun Arion banka

07.01.2021 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu HH um óheimila vaxtahækkun Arion banka

07.01.2021 Visir.is fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu HH um óheimila vaxtahækkun Arion banka

08.01.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um endurskoðun VII. kafla stjórnarsýslulaga o.fl

12.01.2021 Trolli.is fjallar á vefsíðu sinni um ákvörðun Neytendastofu um óheimila vaxtahækkun Arion banka

18.01.2021 Stjórnarfundur HH nr. 1/2021

19.01.2021 Lögfræðingur HH í viðtali á Útvarpi Sögu um fyrirhugaða sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka o.fl.

22.01.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu um fyrirhugaða sölu á Íslandsbanka - *Opið bréf til fjármálaráðaherra*

22.01.2021 HH senda álit á hugmyndum um sölu á hlutafé í Íslandsbanka til formanna ríkisstjórnarflokkanna

22.01.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutafé í Íslandsbanka

22.01.2021 Reykjavíkuborg tilkynnir um endurgreiðslu dráttarvaxta sem voru ofteknir af fólki í greiðsluskjólí

22.01.2021 HH áfrýja ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2020 um vaxtaskilmála og krefjast banns við vaxtahækkun

22.01.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um starfshætti kærustjórnvalda

25.01.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um forgangsröð krafna við skilameðferð fjármálafyrirtækja

27.01.2021 Fulltrúi HH sækir samráðsfund um stöðu mannréttindamála vegna allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna

28.01.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis

28.01.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu um að Reykjavíkuborg endurgreiði oftekna dráttarvexti

28.01.2021 Visir.is birtir grein eftir formann HH - *Heimska eða illska*

28.01.2021 Hringbraut.is fjallar um grein formanns HH - *Heimska eða illska*

01.02.2021 Stjórnarfundur HH nr. 2/2021

02.02.2021 Fulltrúi HH sækir kynningarfund um hóp fjármögnun samfélagslegra verkefna á vegum Almannaheilla

03.02.2021 HH auglýsa ráðgjafarþjónustu sína á Visir.is - átaksverkefni styrkt af Félagsmálaráðuneytinu

04.02.2021 HH auglýsa ráðgjafarþjónustu sína á Visir.is - átaksverkefni styrkt af Félagsmálaráðuneytinu

04.02.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu um átaksverkefni samtakanna um óháða aðstoð fyrir heimilin

04.02.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis

05.02.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH um átaksverkefni samtakanna um óháða aðstoð fyrir heimilin

08.02.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um einföldun úrskurðarnefnda á sviði neytendamála

08.02.2021 HH birta og senda félagsmönnum fundarboð á aðalfund samtakanna 23. febrúar 2021

08.02.2021 HH endursenda fréttatilkynningu um fyrirhugaða sölu á Íslandsbanka - *Opið bréf til fjármálaráðaherra*

08.02.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutafé í Íslandsbanka

08.02.2021 Mbl.is fjallar um og birtir fréttatilkynningu HH vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutafé í Íslandsbanka

08.02.2021 Formaður HH í viðtali hjá Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um fyrirhugaða sölu á hlutafé í Íslandsbanka

09.02.2021 Formaður HH í viðtali í Harmageddon á Bylgjunni um fyrirhugaða sölu á hlutafé í Íslandsbanka

10.02.2021 Lögfræðingur HH í viðtali á Útvarpi Sögu um fyrirhugaða sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka o.fl.

11.02.2021 Fulltrúi HH sækir kynningarfund um skattalegt umhverfi þriðja geirans á vegum Almannaheilla

11.02.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis

14.02.2021 Formaður HH Ásthildur Lóa Þórsdóttir tilkynnir félagsmönnum framboð sitt til Alþingis með Flokki fólksins

15.02.2021 Vísir fjallar um framboð formanns HH - *Ásthildur Lóa hyggst gefa kost á sér fyrir Flokk fólksins*

15.02.2021 Formaður HH í viðtali á Útvarpi sögu um framboð til Alþingis - *Ætlar að berjast fyrir heimilin á þingi*

15.02.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um fjöleignarhús

16.02.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis

18.02.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis

18.02.2021 Stjórnarfundur HH nr. 3/2021 - síðasti stjórnarfundur fráfarandi stjórnar fyrir aðalfund

23.02.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um takmarkanir á notkun verðtryggingar í lánnum til neytenda

23.02.2021 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2021

ÁRSREIKNINGUR 2020

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2021

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2020
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2020

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8-9
Sundurliðanir með ársreikningi.....	10-11

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.


Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2021 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði, 17. febr. 2021,

Jón bókari slf., bókhaldsþjónusta,



Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.


Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Kjörnir stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, tímabilið 25. febrúar 2020 til 23. febrúar 2021, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020, með undirritun sinni.

Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar.


Hafnarfirði, 17. febr. 2021,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna starfsárið 2020 til 2021:




Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
formaður,




Vilhjálmur Bjarnason,
varaformaður,




Sigríður Örlygisdóttir,
gjaldkeri,




Hólmsteinn Brekkan,
ritari,



Einar Valur Ingimundarson,
meðstjórnandi,



Hafþór Ólafsson,
meðstjórnandi,




Róbert Þ. Bender
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2020.

Hafnarfirði, 17. febr. 2021,



Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,



Sólveig Sigurgeirsdóttir,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2020	2019
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	9.515.800	9.185.176
Framlög og styrkir	8	1.531.500	1.589.500
Sérstök fjáröflun	9	1.658.600	2.194.600
Málskostnaðarstyrkir	10	55.000	432.400
Tekjur af útseldri þjónustu	11	0	2.000
Aðrar tekjur	12	0	0
		<u>12.760.900</u>	<u>13.403.676</u>
Gjöld:			
Aðkeypt vinna til endursölu	13	420.863	0
Aðkeypt vinna vegna fjáröflunar	14	130.944	0
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		160.264	190.975
Annar kostnaður v/fjáröflunar		0	0
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		527.816	533.083
Annar kostnaður v/innheimtu félagsgjalda		0	0
Laun og launatengd gjöld	6/17	8.782.793	7.387.368
Málskostnaðarstyrkir	16	0	120.487
Lögfræðikostnaður	18	911.300	1.637.572
Þýðingar		0	273.580
Auglýsingar		20.317	285.200
Húsaleiga		564.000	564.000
Kannanir og rannsóknir		0	0
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	0	25.000
Annar rekstrarkostnaður	19	940.819	1.041.725
		<u>12.459.116</u>	<u>12.058.990</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		98.175	344.983
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(25.720)	(6.733)
		<u>72.455</u>	<u>338.250</u>
Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	(75.896)	(66.013)
Uppgjör eldri fjármagnstekjuskatts v/vaxta	5	0	0
Rekstrarafgangur (tap) ársins		<u>298.343</u>	<u>1.616.923</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	21.574	75.873
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	0	0
Bankainnstæður í árslok	4/21	15.708.560	15.994.798
Veltufjármunir alls		<u>15.730.134</u>	<u>16.070.671</u>
Eignir samtals		<u>15.730.134</u>	<u>16.070.671</u>

pr. 31. desember

	Skýr.	2020	2019
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		9.731.397	10.878.570
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	219.389	163.805
Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs	4	5.222.766	3.832.834
Annað óráðstafað handbært fé	4	0	0
Óráðstafað handbært fé alls		15.173.552	14.875.209
 Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		208.841	432.044
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	347.721	763.398
Aðrar skammtímaskuldir	5	20	20
Skammtímaskuldir alls		556.582	1.195.462
Skuldir alls		556.582	1.195.462
 Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		15.730.134	16.070.671

Skýringar

Reikningsskilaaðgerðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Félagið á enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2020.

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna fyrirframgreiðslu skatta.

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2020 nemur kr. 15173552.

	Óráðstafað handbært fé	Samantölur við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	14.875.209	13.784.641
Rekstrarafgangur (tap) ársins	298.343	1.616.923
	<u>15.173.552</u>	<u>15.401.564</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2019
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	3.726.394	2.194.084
Innborganir frá styrktaraðilum	1.658.600	2.194.600
Útistandandi krafa á kortahirði	0	0
Innborguð eldri krafa á kortahirði	0	1.968
Posaleiga	-18.172	-32.712
Skuld við félagssjóð v.posaleigu	12.980	26.860
Bankakostnaður v.innheimtu	-140.622	-155.727
Þóknun og kostnaður kortafyrirtækis	-1.470	-2.536
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuvinna	-130.944	0
Annar kostnaður	0	0
Aðrar (-kröfur) skuldir við félagssjóð	130.944	-133.300
Endurgreidd skuld við félagssjóð f.f.ári	106.440	-55.520
Lögfræðikostn. v/Hæstaréttarmál 636/2017	0	-235.600
Veittir málsóknarstyrkir	0	-120.487
Innvextir	28.883	57.377
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-6.343	-12.613
	<u>5.366.690</u>	<u>3.726.394</u>
Óuppgert við félagssjóð v.posaleiga	-12.980	-26.860
Annað óuppgert við félagssjóð	-130.944	133.300
Útistandandi krafa	0	0
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>5.222.766</u>	<u>3.832.834</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2019
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	163.805	150.125
Framlag úr félagssjóði	0	1.010.000
Innborgaðir styrkir	55.000	432.400
Innvextir bankareiknings	739	2.890
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-155	-630
Greiddur þýðingarkostnaður	0	-273.580
Greiddur lögfræðikostnaður	0	-1.157.400
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>219.389</u>	<u>163.805</u>
Óuppgert við félagssjóð v.útl. málskostn.	0	0
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>219.389</u>	<u>163.805</u>

Skýringar

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 21574, mun ganga upp í álagningu skattsins pr. 1. nóv. 2021. Í árslok 2020, eru kr. 20 ógreiddar vegna álagðs fjármagnstekjuskatts vegna 2018.

Starfsmannamál

6. Tveir starfsmenn voru á launaskrá hjá samtökunum á árinu í 50% starfshlutföllum. Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngilti 0,92 stöðugildi (0,82 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykktu samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2020	2019
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (1939+2 greiðslur)		9.510.900	0
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (2 aukagreiðslur)		9.800	0
Félagsgjöld, 2019 @4.900 (0/1780 greiðslur)		0	8.722.000
Félagsgjöld, 2018 @3.500 (0/117/2042 alls 2159 greiðslur)		0	409.500
Félagsgjöld, 2018, hlutagreiðslur (alls 1 félagsgj.)		0	3.476
Félagsgjöld, 2015 og eldri @2.400 (0/24 greiðslur)		0	60.000
Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld		(4.900)	(9.800)
Félagsgjöld alls:		<u>(4.900)</u>	<u>9.185.176</u>
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		26.500	39.500
Framlög frá ríkissjóði		1.500.000	1.500.000
Framlög frá sveitarfélögum		0	0
Framlög frá stéttarfélögum		0	50.000
Framlög frá öðrum aðilum (lögaðilum)		5.000	0
Framlög og styrkir alls:		<u>1.531.500</u>	<u>1.589.500</u>
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		1.571.600	1.989.600
Fjáröflun frá lögaðilum		0	55.000
Fjáröflun með boðgreiðslum		87.000	150.000
Fjáröflun alls:	4	<u>1.658.600</u>	<u>2.194.600</u>
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		55.000	417.400
Málskostnaðarstyrkir frá öðrum		0	15.000
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	<u>55.000</u>	<u>432.400</u>
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Þjónustutekjur vegna endurútreikninga		0	2.000
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		<u>0</u>	<u>2.000</u>
12. Aðrar tekjur:			
Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna		0	0
Aðrar tekjur alls:		<u>0</u>	<u>0</u>
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna án vsk		420.863	0
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		<u>420.863</u>	<u>0</u>
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun án vsk		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun v/fyrri árs		63.984	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun		66.960	0
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		<u>130.944</u>	<u>0</u>
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Árgjald til EAPN		0	25.000
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		<u>0</u>	<u>25.000</u>
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna:		0	120.487
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		<u>0</u>	<u>120.487</u>

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2020	2019
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		7.266.236	6.105.252
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		1.516.557	1.282.116
Laun og launatengd gjöld alls:	6	<u>8.782.793</u>	<u>7.387.368</u>
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði		911.300	1.319.652
Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði		0	235.600
Lögfræðikostnaður alls:		<u>911.300</u>	<u>1.555.252</u>
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		135.992	0
Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður		0	14.641
Símakostnaður		27.242	30.885
Burðargjöld		1.950	0
Pappír, prentun og ritföng		11.706	26.861
Ferðakostnaður		0	0
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		63.215	68.800
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		209.250	327.980
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		366.851	345.142
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		124.613	224.256
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		<u>940.819</u>	<u>1.038.565</u>
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(21.101)	(2.243)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(4.619)	(4.490)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		<u>(25.720)</u>	<u>(6.733)</u>
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		10.122.481	12.104.599
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	5.366.690	3.726.394
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	219.389	163.805
Handbært fé alls:		<u>15.708.560</u>	<u>15.994.798</u>

SAMÞYKKTIR 2020

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2021

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018 og 25. febrúar 2020. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna, skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórnmalaflokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.

- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjú daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð minnst 10 en mest 14 manns, þar af 7 aðalmönnum og 3-7 varamönnum, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá

jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.

- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarformaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundum um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundi. Formaður boðar til stjórnarfunda með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættur er meirihluti stjórnarmanna.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundum nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnarmálasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórnarmálasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórnarmálasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórnarmálasamtaka. Formlegir talsmenn stjórnarmálasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnarmálasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.
- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs

reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.

- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórn málaflokkum / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykktar tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mættra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökin lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað til líknarstarfa.

Athugasemdir:

Samþykktir þessar voru lagðar fyrir á stofnfundi Hagsmunasamtaka heimilanna þann 15. janúar 2009 og þar lagt í hendur stjórnar að útfæra frekar og þær samþykktar af stjórn þann 4. febrúar 2009. Á öðrum aðalfundi samtakanna, 27. apríl 2010 voru samþykktar breytingar á 4. grein (Markmið) og 6. grein (Aðalfundur). Á fjórða aðalfundi samtakanna 31. maí 2012 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn) og 10. grein (Verkefni stjórnar). Á sjötta aðalfundi samtakanna 15. maí 2014 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Á sjöunda aðalfundi samtakanna 21. maí 2015 var samþykkt að bæta nýrri málsgrein við 6. gr. (Aðalfundur). Á níunda aðalfundi samtakanna 20. maí 2017 var samþykkt breyting á 6. gr. (Aðalfundur). Á tíunda aðalfundi samtakanna 20. febrúar 2018 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Á tólfta aðalfundi samtakanna 25. febrúar 2020 var samþykkt breyting á 9. grein (Stjórn). Samþykktirnar hafa verið uppfærðar til samræmis við þessar breytingar.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á SAMÞYKKTUM

Eftirfarandi tillaga að breytingu á samþykktum Hagsmunasamtaka heimilanna var kynnt í fundarboði aðalfundar samtakanna 2021 og verður því tekin til afgreiðslu á aðalfundinum.

- 1. málslíður 1. mgr. 9. gr. orðist svo:
 - Stjórn samtakanna skal skipuð minnst 8 en mest 10 manns, þar af 5 aðalmönnum og 3-5 varamönnum, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna.
- 4. málslíður 1. mgr. 10. gr. orðist svo:
 - Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eru mættir.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2021

Framboð til aðalstjórnar:

- | | | |
|---------------------------------------------------|----------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Ásthildur Lóa Þórsdóttir | <input type="checkbox"/> Einar Valur Ingimundarson | <input type="checkbox"/> Hafþór Ólafsson |
| <input type="checkbox"/> Hólmsteinn Brekkan | <input type="checkbox"/> Sigríður Örlygsdóttir | <input type="checkbox"/> Vilhjálmur Bjarnason |
| <input type="checkbox"/> Þórarinn Einarsson | | |

Framboð til varastjórnar:

- | | |
|--------------------------------------------------|--------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Björn Kristján Arnarson | <input type="checkbox"/> Ragnar Unnarsson |
| <input type="checkbox"/> Róbert Þ. Bender | <input type="checkbox"/> Stefán Stefánsson |

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Skoðunarmenn reikninga gefa kost á sér til endurkjörs á aðalfundi 2021:

- | | |
|--------------------------------------------------------|---------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Sigríð Gerður Hallgrímsdóttir | <input type="checkbox"/> Sólveig Sigurgeirsdóttir |
|--------------------------------------------------------|---------------------------------------------------|

